



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir

earnaarna@fsu.is

Áfangalýsing: Í áfanganum er farið í sögu hársins, þróun hártískunnar gegnum tíðina og hvað einkennir stílbrigði ólíkra tímabila og auk þess er þróun fagsins á Íslandi skoðuð. Fræðst er um þjónustugæði, markaðsmál og siðferðileg álitamál sem snerta störf fagfólks í hársnyrtafaginu. Nemendur auka skilning sinn á mannlegum samskiptum. Lögð er áhersla á að nemendur skilji hve fagmannleg framkoma og góð þjónusta eru mikilvægir þættir í starfi hársnyrta. Nemendur læra um vörusölu /smásölu á vinnustað og mikilvægi hennar. Stílmótun er skoðuð, nemendur læra að þekkja helstu andlitsgerðir og líkamsbyggingu auk þess að hanna og aðlaga klippingar og greiðslur að viðskiptavininum.

Markmið áfangans:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu tímabilum í sögu hártískunnar og megineinkennum þeirra.
- meginreglum í þjónustu.
- mikilvægi góðrar samskiptatækni.

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla sér upplýsinga og kynna einkennandi hártísku ólíkra tímabila í sögunni.
- skilgreina og veita góða þjónustu.

Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja fram greinargóða kynningu á ákveðnu tímabili í hársögunni.
- geta gert eigin þjónustustefnu og skilið mikilvægi siðareglna.
- geta ráðlagt og þjónustað viðskiptavin við vöruval

Námsmat **Símat**